

Nd.

401. Nefndarálit

[68. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsögn Seðlabanka Íslands, sem telur ekki óeðlilegt, að reynt verði að framkvæma þær umbætur á lánaaðstöðu iðnaðarins, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Íslenskur iðnaður er ört vaxandi og gegnir æ þýðingarmeira hlutverki í þjóðar- búskapnum. Benda má á, að hliðstæðar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna sjávar- útvegs og landbúnaðar, og er frumvarpið sýnilega samið með hliðsjón af lögum um það efni. Verður að telja réttmætt og eðlilegt, að iðnaðurinn njóti sömu að- stöðu.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt, en einstakir nefndar- menn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 19. marz 1964.

Davíð Ólafsson, Sigurður Ingimundarson, Einar Ágústsson.
form. fundaskr., frsm.

Matthías Á. Mathiesen. Skúli Guðmundsson.